

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. maí 2026.

Mál nr. E-4945/2025:

A ehf.

(Vilhjálmur P.Á. Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

B ehf.

(Gestur Gunnarsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 17. apríl 2026, höfðaði A ehf., [...], 8. september 2025 gegn B ehf., [...].
- Endanleg dómkrafa stefnanda er sú að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda 4.995.751 krónu auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.775.456 krónum frá 2. september 2023 til 2. mars 2024, af 3.575.456 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2025, en af 4.995.751 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að þær verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar.

I. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

- Í máli þessu er deilt um kröfu stefnanda, samkvæmt fjórum útgefnum reikningum, vegna vangoldinna launa og bónusgreiðslna til handa fyrirsvarsmanni félagsins vegna starfa hans fyrir stefnda í ágúst 2023 og í febrúar og desember 2024. Í meginatriðum er deilt um það hvort fyrirsvarsmaðurinn hafi fyrirgert rétti sínum til þeirra greiðslna vegna brots gegn trúnaðarskyldu gagnvart vinnuveitanda sínum eða vanrækslu í starfi.
- Helstu málsatvik sem óumdeild geta talist, samkvæmt því sem ráðið verður af stefnu og greinargerð og því sem fram kom við munnlegan málflutning, eru þau að fyrirsvarsmaður stefnanda, CC, var á árinu 2020 ráðinn til starfa í smásöluverslun stefnda, en stefndi mun reka bæði smásöluverslun og heildsöluverslun fyrir [...]. Eftir að hafa fengið framgang í starfi á árinu 2022 mun CC hafa starfað sem rekstrarstjóri við heildsöluverslun stefnda á

Því tímabili sem um ræðir, 2023 til 2024, uns hann lét af störfum um áramótin 2024/2025 með samkomulagi við stefnda, án undangenginnar uppsagnar.

6. Ekki liggur fyrir skriflegur ráðningarsamningur. Aftur á móti liggur fyrir skriflegur, ódagsettur „[s]amningur vegna bónusgreiðslna“ milli C og stefnda, undirritaður af C og fyrirsvarsmanni stefnda, D, stjórnarformanni félagsins. Vísa báðir aðilar til þessa samkomulags í málatilbúnaði sínum og því óumdeilt að það hafi legið til grundvallar rétti C til bónusgreiðslna á því tímabili sem um ræðir. Í samningnum kemur fram að CC muni sem „starfsmaður“ stefnda „hér eftir fá greidda 9,3% af framlegð hverrar sölu sem hann framkvæmir í heildsöludeild [stefnda]“. Segir jafnframt að samningurinn sé „ótímabundinn á meðan C er starfsmaður hjá [stefnda] og sinn[i]r starfi sínu í heildsölnunni vel“.
7. Enda þótt aðila greini á um hver átt hafi frumkvæði að því og af hvaða ástæðum er óumdeilt að í byrjun ágúst 2023 hóf stefnandi að gera stefnda reikninga vegna krafna um greiðslu launa og bónusgreiðslna vegna starfa sinna hjá stefnda. Samkvæmt því sem fram kom við munnlegan málflutning eru aðilar þó sammála um að hið breytta fyrirkomulag hafi ekki breytt eðli starfssambands C við stefnda, sem hafi áfram verið hefðbundið ráðningarsamband.
8. Í málinu liggur fyrir yfirlit stefnanda yfir alla útgefna reikninga hans á hendur stefnda vegna launa og bónusgreiðslna frá 2. ágúst 2023 til 31. desember 2024 og er óumdeilt að stefndi hafi greitt þá alla eins og yfirlitið sýnir, að þeim fjórum reikningum undanskildum sem eru tilefni þessarar málshöfðunar og nánar verður vikið að í kafla um málsástæður stefnanda.
9. Í greinargerð stefnda er því lýst að fyrirætlanir hafi verið uppi á árinu 2024 um að C myndi eignast 10% eignarhlut í hinu stefnda félagi en þær fyrirætlanir hafi ekki gengið eftir. Samkvæmt gögnum máls og því sem fram kom við munnlegan málflutning er þetta óumdeilt enda þótt aðila kunni að greina á um ástæður þess en stefndi vísar í greinargerð til óánægju með störf C sem að áliti stefnda hafi leitt til þess að C hóf undirbúning að brotthvarfi sínu frá félaginu og að því að hefja rekstur í samkeppni við stefnda.
10. Í greinargerð stefnda er einnig lýst þreifingum félagsins um kaup á rekstri verslunarinnar E, sem félagið F ehf. rak, en inni í versluninni hafi stefndi rekið eigin verslun undir heitinu G. Upp úr viðræðum hafi slitnað þar sem í ljós kom að verslunarrekstur Fs ehf. stóð verr en væntingar höfðu staðið til en fyrir liggur að það félag var úrskurðað gjaldþrota 16. apríl 2025.

11. Samkvæmt vottorði fyrirtækjaskrár var C orðinn meðstjórnandi, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í félaginu H ehf. 7. nóvember 2024, samkvæmt samþykktum félagsins, dagsettum þann dag. Ómótmælt er þeirri staðhæfingu í greinargerð stefnda að á þeim tíma hafi C verið búinn að eignast 50% hlut í því félagi. Eins og nánar verður vikið að í umfjöllun um málsástæður aðila heldur stefndi því fram að C hafi framið trúnaðarbrot gagnvart stefnda með því að hefja samkeppnisrekstur við félagið á meðan hann var enn í starfi hjá stefnda, en því var alfarið mótmælt við munnlegan málflutning af hálfu stefnanda.
12. Ekki voru gefnar munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

II. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefnandi byggir á því að starfssamband milli fyrirsvarsmanns félagsins, C, og stefnda hafi verið hefðbundið vinnusamband og í reynd hafi því ekki verið um að ræða verktöku en það hafi verið stefndi sem vildi haga greiðslum fyrir vinnu C með þeim hætti. Þannig hafi C haft fastan vinnutíma á hverjum degi, honum hafi verið greidd mánaðarleg laun í samræmi við tímagjald, 3.605 krónur, að viðbættum sölubónus, og starf hans hafi verið undir yfirstjórn og á ábyrgð stefnda gegn greiðslu mánaðarlegra launa.
14. Stefnandi hafi gefið út reikninga vegna vinnu fyrirsvarsmanns síns, sem jafnframt sé eini eigandi stefnanda. Forsendum útreikninga stefnanda hafi aldrei verið mótmælt af hálfu stefnda og hafi stefndi þannig greitt þá átölulaust til stefnanda um margra mánaða tímabil, í samræmi við lýst fyrirkomulag sem aðilar hafi verið ásáttir um. Vísar stefnandi því til stuðnings til eigin yfirlits yfir greidda og útgefna reikninga.
15. Stefnandi kveður fyrirsvarsmann sinn hafa látið af störfum í janúar 2025 og í kjölfarið hafið eigin atvinnurekstur en þá hafi enn verið ógreiddir fjórir reikningar sem stefndi hafi þó aldrei hreyft neinum efnislegum andmælum við.
16. Krafan sundurliðist svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð	Skýring
1.	1.9.2023	2.9.2023	2.059.750	Laun og sölubónus
2.	29.2.2024	2.3.2024	1.800.000	Laun og sölubónus
3.	31.12.2024	1.1.2025	1.420.295	Laun og sölubónus
17. Samtals sé því um að ræða 5.280.045 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum vegna launa og bónusgreiðslna í ágúst 2023, febrúar 2024 og í desember 2024, sem jafnframt hafi verið síðasti mánuður C í starfi hjá stefnda.

18. Þess ber að geta, þótt það sjáist ekki af sundurliðun í stefnu, að tveir reikningar liggja að baki fjárhæðinni 2.059.750 krónur í fyrsta liðnum, báðir útgefnir 1. september 2023, annar að fjárhæð 1.200.000 krónur vegna „Laun Ágúst“ og hinn að fjárhæð 859.750 krónur vegna „Sölu bónus Ágúst“. Þá er reikningur samkvæmt öðrum lið sundurliðaður í „laun FEB“ 620.792 krónur og „Sölu bónus“ 1.179.208 krónur og reikningur samkvæmt þriðja lið í „Laun des“ 493.526 krónur, „Sölu bónus“ 926.521 krónu og „Tilkynningar og greiðslugjald“ 248 krónur.
19. Varðandi fyrsta liðinn tekur stefnandi fram að fyrirvarsmaður stefnda hafi lent í skyndilegum fjárhagserfiðleikum í kjölfar utanlandsferðar og tjóns sem hann hafi orðið fyrir í ferðinni. C hafi sýnt þeirri stöðu stefnda skilning en aldrei fengið greiðslu. Varðandi annan og þriðja liðinn hafi hvorki fengist skýringar né komið fram efnisleg mótmæli við greiðslu þeirra reikninga.
20. Stefnandi tekur fram að sérstakt megi teljast að stefndi hafi greitt alla aðra reikninga, þ.e. sem féllu til á milli framangreindra launatímabila, sem reistir voru á sömu vinnu, sama tímagjaldi, sama bónushlutfalli og sömu forsendum.
21. Með tölvubréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda 30. apríl 2025 hafi verið skorað á stefnda að greiða kröfuna. Þar sem innheimtutilraunir hafi ekki borið frekari árangur sé stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu skuldarinnar.
22. Um lagarök er vísað er til meginreglna kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga, skuldbindingargildi samninga og um tómlæti. Þá er vísað til meginreglu vinnuréttar um skyldur atvinnurekanda til greiðslu launa. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
23. Við munnlegan málflutning féllst stefnandi á það með stefnda að lækka bæri dómkröfuna um 284.294 krónur, fyrir útreikning dráttarvaxta, vegna ofgreiðslu á öðrum launagreiðslum. Tekur endanleg dómkrafa stefnanda mið af þeirri málflutningsyfirlýsingu.
24. Við munnlegan málflutning var öllum málsástæðum stefnda, þar á meðal um trúnaðarbrot og vanrækslu í starfi, mótmælt.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Aðalkrafa um sýknu

25. Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda í heild sinni og byggir á því að málavaxtalýsing og málsástæður gefi með engu móti rétta mynd af samningssambandi stefnanda og stefnda. Því er sérstaklega mótmælt að stefndi hafi tekið ákvörðun um eða með einhverjum hætti haft áhrif á að fyrirkomulaginu á greiðslu launa C var breytt með þeim hætti að stefnandi gæfi út reikninga fyrir þeim en C hafi talið það hentugra fyrir sig í skattalegu tilliti. Vekur stefndi athygli á því að reikningar stefnanda hafa aldrei borið virðisaukaskatt, þó að augljóst sé að þjónusta eins og sú sem stefnandi kveðist selja stefnda sé þess eðlis að seljanda beri að innheimta og skila virðisaukaskatti af henni.
26. Stefndi byggir á því að á starfstíma sínum hafi C hafið undirbúning að samkeppnisrekstri, án þess að segja upp starfi sínu eða hafa um það nokkurt samráð við stefnda. Eðli máls samkvæmt hafi C komist í kynni við ýmsa viðskiptavini og birgja stefnda í störfum sínum fyrir stefnda. Í samningaviðræðum stefnda og C um að C myndi eignast hlut í stefnda hafi verið lögð rík áhersla á að þessi viðskiptasambönd væru ein verðmætasta eign stefnda og að mikilvægt væri að hlúð yrði að þessum samböndum. Sem rekstrarstjóri stefnda hafi C haft ríkar trúnaðarskyldur gagnvart félaginu og verið óheimilt að hagnýta sér þessi viðskiptasambönd stefnda í eigin þágu, nema í það minnsta að höfðu samráði við stefnda. Byggir stefndi á því að C hafi, þegar farið var að halla undan fæti í starfi hans hjá stefnda, stokkið til og hagnýtt í eigin þágu sambönd sem hann hafði komist yfir í starfi sínu hjá stefnda, jafnvel þótt hann væri enn í starfi hjá stefnda.
27. Stefndi bendir á að meðeigandi C að félaginu H ehf., sem hann hafi eignast 50% hlut í 7. nóvember 2024, sé I, eigandi F ehf., sem rekið hafi verslunina E við [...], sbr. það sem áður var rakið. Byggir stefndi á því að C hafi annast mánaðarleg uppgjör samkvæmt samningnum milli stefnda og F ehf. um rekstur stefnda innan verslunarinnar E og beri ábyrgð á því að í þeim uppgjörum hafi verið miðað við prósentuhlutfall af veltu í G-versluninni, en ekki af framlegð eins og samið hafi verið um á milli stefnda og F ehf.
28. Þá byggir stefndi á því að H ehf. hafi tekið yfir reksturinn á versluninni E „frá því í nóvember 2024“ og með þeim hætti hafi C ekki bara hafið verslunarrekstur í beinni samkeppni við stefnda, meðan hann var enn starfsmaður stefnda, heldur einnig „tekið yfir verslunarrými“ stefnda, án samþykkis eða samráðs við félagið. Byggir stefndi á því að trúnaðarbrot í starfi verði vart augljósari eða alvarlegri.
29. Þá byggir stefndi á því að C hafi ekki aðeins hafið samkeppni við stefnda í smásöluverslun, á meðan hann gegndi starfi hjá stefnda, heldur einnig í heildsöluverslun. Byggir stefndi á því að C hafi sett sig í samband við eigendur verslunar sem rekin sé í

Mosfellsbæ, og stofnað með þeim félagið J ehf. um miðjan desember 2024. Eins og stofnsamningur og stofnfundargerð gefi til kynna sé stefnandi eigandi þriðjungshlutar í félaginu og C sé stjórnarmaður í félaginu og prókúruhafi. Þetta félag haldi úti heildsölu með [...] og hafi starfað á því sviði allar götur síðan.

30. Samkvæmt framangreindu byggir stefndi á að það sé beinlínis rangt, sem haldið sé fram í stefnu, að C eða stefnandi hafi fyrst í janúar 2025 hafið eigin atvinnurekstur, þ.e. í kjölfar starfsloka hjá stefnda. Hið rétta sé að skörunin hafi orðið veruleg og alvarleg og með henni hafi stefnda verið valdið stórfelldu tjóni.
31. Síðasta útspil C hjá stefnda hafi tengst H ehf. Stefndi tekur fram að fyrir árslok 2024 hafi félagið birgt sig talsvert mikið upp af [...], enda hafi legið fyrir að tollar á vörurnar myndu hækka talsvert um áramótin 2024/2025 og því skynsamlegt að eiga umtalsverðar birgðir fyrir breytingar. Byggir stefndi á því að fyrir tilstilli C hafi H ehf. tekið út vörur hjá stefnda langt umfram öll þau mörk sem viðskiptamenn félagsins hafi haft heimildir til. Umræddar vörur hafi verið þær vörur sem skilað hafi stefnda mestum ábata og verið einna vinsælastar. Til að bæta gráu ofan á svart hafi stefnandi reiknað sér bónusgreiðslu vegna þessarar úttekta, sem sé á meðal þess sem dómkrafan lúti að, samkvæmt reikningi stefnanda vegna desember 2024.
32. Stefndi byggir á því að félagið hafi orðið fyrir tjóni af háttsemi stefnanda og fyrirvarsmanns hans sem nemi langtum hærrí fjárhæð en stefnufjárhæðinni. Stefndi hafnar því jafnframt að hann hafi aldrei gert athugasemdir við reikninga stefnanda eða að stefndi hafi með einhverju móti sýnt af sér tómlæti gagnvart stefnanda.
33. Aðalkrafa stefnda um sýknu sé byggð á því að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti sínum til greiðslna frá stefnda með alvarlegum brotum gegn þeim trúnaðarskyldum sem fyrirvarsmáður stefnanda hafi borið gagnvart stefnda í starfi sem rekstrarstjóri stefnda. Háttsemi fyrirvarsmanns stefnanda í aðdraganda starfsloka hans hjá stefnda hafi falið í sér verulega vanefnd á samningssambandi aðila en það að hefja beinan samkeppnisrekstur sé almennt talið meðal alvarlegustu brota á trúnaðarskyldu sem hugsast geti. Í réttarframkvæmd hafi margsinnis verið staðfest að hjá starfsmönnum, einkum þeim sem sinni stjórnendastöðum, gildi óskráðar trúnaðar- og tryggðarskyldur við atvinnurekandann.
34. Stefndi hafnar því að háttsemi stefnanda verði réttlætt með því að fyrirvarsmáður stefnda hafi svikið loforð um að stefnandi eignaðist 10% eignarhlut í stefnda. Hafi stefnandi talið á sér brotið hafi honum í það minnsta borið að segja upp störfum hjá stefnda

áður en hann stofnaði til samkeppnisrekstrar, tók yfir verslun stefnda, tók út vörur hjá stefnda o.s.frv.

35. Auk brota gegn trúnaðar- og traustsskyldum byggir stefndi á því að fyrirvarmaður stefnanda hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi sem leiða eigi til þess að réttur hans til greiðslna falli niður. Starfsmenn stefnda séu til vitnis um að stefnandi hafi sinnt starfi sínu illa á árinu 2024. Auk þess hafi það falið í sér vanrækslu í starfi að selja verulegt magn vöru til viðskiptavina stefnda sem fyrirvarsmanni stefnanda hafi verið kunnugt um að hefðu ekki borgað eldri reikninga. Stefnandi hafi haft aðgang að kröfugátt stefnda hjá Motus og getað séð hverjir höfðu ekki staðið skil á reikningum vegna vöruúttekta hjá stefnda. Sem rekstrarstjóra hafi stefnanda borið að fylgjast með því að vörur væru ekki seldar til viðskiptavina sem væru í vanskilum við stefnda. Það hafi hann ekki gert heldur haldið áfram að selja vörur, sem ekki hafi fengist greiddar, og rúkað þar að auki sinn mánaðarlega bónus vegna þeirrar sölu. Tap stefnda af þessari háttsemi hafi því í raun orðið tvíþætt, töpuð vara auk rúkkunar frá stefnanda á sölubónus fyrir vöru sem ekki hafi verið greitt fyrir.
36. Loks virðist stefnandi hafa túlkað þóknunar-/bónussamning sinn við stefnda þannig að hann gæti reiknað 9,3% hlutdeild af veltu þeirrar vöru sem hann seldi í heildsöluhluta stefnda, en ekki af framlegð eins og samningurinn kveði skýrt á um. Stefnandi hafi því ekki tekið inn í myndina þann kostnað sem fylgdi hverri sölu, eins og t.d. póstburðargjöld eða annan tilfallandi kostnað sem tengdist viðkomandi sölu. Þetta hafi leitt til þess að bónusreikningar stefnanda hafi orðið umtalsvert hærri en efni hafi staðið til.
37. Verði ekki fallist á að sýkna beri stefnda vegna þess að stefnandi hafi með öllu fyrirgert rétti sínum til greiðslna með alvarlegum trúnaðarbrotum fyrirvarsmanns síns byggir stefndi á að hann hafi eignast hærri gagnkröfur sem skuldajafnað verði við kröfur stefnanda og leiða eigi til sýknu í málinu. Stefndi byggir á því að það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna háttsemi fyrirvarsmanns stefnanda hafi verið langtum meira en sú krafa sem stefnandi setji fram í máli þessu. Tjón sem hlotist hafi af því að stefnandi hóf smásölu- og heildsölurekstur í samkeppni við stefnda felist m.a. í töpuðum viðskiptum og missi á verslunarrými í versluninni E sem hafi skapað stefnda ágætar tekjur. Auk þess sé um að ræða tjón vegna þeirrar vanrækslu sem stefnandi hafi sýnt af sér í starfi. Gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar, án sjálfstæðs dóms, sæki stoð í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991.

Varakrafa um lækkun

38. Stefndi kveður varakröfu sína um lækun byggjast í meginatriðum á sömu sjónarmiðum og aðalkrafan um sýknu, að breyttu breytanda, en auk þeirra röksemda kveðst stefndi byggja á tvennu til viðbótar:
39. Annars vegar á því að ekki sé réttlætanlegt að stefnandi rukki stefnda um laun og bónusgreiðslur eftir 7. nóvember 2024, þegar fyrirsvarsmaður félagsins hafi verið kominn í beina samkeppni við stefnda í smásölu og þar að auki verið að stofna til heildsölurekstrar í samkeppni við stefnda. Því beri að hafna kröfu hans sem byggð sé á reikningi vegna desember 2024.
40. Hins vegar á því að samkvæmt sundurliðunarskjali stefnanda sjálfs hafi reikningar, aðrir en þeir sem stefna náí til, verið ofgreiddir um 284.294 krónur, án þess að tekið sé tillit til þess í stefnu. Þar sem endanleg dómkrafa stefnanda var lækkuð um þá fjárhæð við aðalmeðferð málsins, stefnda til hagsbóta, er ekki þörf á að reifa þessa málsástæðu frekar.
41. Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfum stefnanda, sem og upphafstíma þeirra.
42. Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. laganna. Að öðru leyti er um lagarök vísað til almennra reglna vinnuréttar, sem og samninga- og kröfuréttar, einkum reglna sem mótast hafa í dómaframkvæmd um trúnaðar- og traustsskyldur í starfi.

IV. Niðurstaða

43. Ekki er um það deilt að stefnandi sé réttur aðili málsins til sóknar þar sem dómkröfur byggjast á útgefnum reikningum félagsins. Eins og fram er komið eru aðilar þó sammála um að í reynd hafi verið um að ræða hefðbundið ráðningarsamband milli stefnda og C, fyrirsvarsmanns stefnanda, þar til því lauk með samkomulagi, án uppsagnar eða riftunar, um áramótin 2024/2025, þrátt fyrir að stefnandi hafi frá árinu 2022 gefið út reikninga á hendur stefnda vegna vinnu C eins og um verktöku væri að ræða. Þá er ekki um það deilt að C vann hjá stefnda þá mánuði sem hann krefst greiðslu vangoldinna launa og bónusgreiðslna fyrir, í gegnum félag sitt, þ.e. ágúst 2023 og febrúar og desember 2024.
44. Úrlausnarefni málsins er hvort C hafi að einhverju leyti eða öllu fyrirgert sér rétti til greiðslu þeirra launa og bónusgreiðslna sem krafist er. Annars vegar snýr sá ágreiningur að því hvort hann hafi brotið gegn ólögfestum reglum um trúnaðarskyldur starfsmanna við vinnuveitanda með því að hefja samkeppnisrekstur meðan á ráðningarsambandinu stóð en hins vegar að því hvort hann hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi. Þá er um það deilt hvort stefndi eigi gagnkröfu á hendur stefnanda sem hann geti teflt fram til skuldajafnaðar, verði talið að stefnandi eigi einhverja fjárkröfu á hendur félaginu. Ekki

er deilt um fjárhæðir þeirra reikninga sem liggja til grundvallar kröfu stefnanda að öðru leyti en hvað varðar bónusgreiðslur, sem stefndi kveður rangt reiknaðar út.

45. Í dómaframkvæmd hefur því margoft verið slegið föstu að í íslenskum rétti gildi ólögfestar reglur um trúnaðarskyldu í ráðningarsambandi. Má þar um t.d. vísa til dóms Hæstaréttar 3. nóvember 2021 í máli nr. 18/2021. Eins og þar kemur fram telst slík trúnaðarskylda í vinnusambandi til svokallaðra aukaskyldna samningsaðila þar sem aðalskylda atvinnuveitanda sé að greiða starfsmanni laun fyrir vinnuframlag sitt og aðalskylda starfsmanns að inna þau störf af hendi sem hann var ráðinn til. Feli hún í sér að aðilar samningssambands skuli sýna hvor öðrum hæfilegt tillit og virðingu og sé slíkum reglum ætlað að sporna gegn misnotkun á aðstöðu. Ekki sé með tæmandi hætti unnt að gera grein fyrir því hvað felst í slíkri trúnaðarskyldu, en þar á meðal sé upplýsinga- og tilkynningarskylda, skylda til þess að skýra það sem óljóst getur verið, skylda til þess að sýna heiðarleika, tillitssemi og eðlilega sanngirni, umönnunarskylda, þagnarskylda og bann við háttsemi sem felur í sér samkeppni við viðsemjanda andstætt efni ráðningarsamnings.
46. Tekið er fram í tilvitnuðum dómi réttarins að af síðastnefnda þætti trúnaðarskyldunnar leiði að starfsmaður mætti almennt ekki hefja sjálfur atvinnurekstur í samkeppni við vinnuveitanda sinn eða vinna fyrir samkeppnisaðila samhliða vinnu sinni hjá vinnuveitanda. Á hinn bóginn segir þar að jafnvel þótt trúnaðarskyldan haldist á uppsagnarfresti sé eðlilegt að veita starfsmanni ákveðið svigrúm til þess að verða sér úti um annað starf, hvort sem er með stofnun eigin fyrirtækis eða með því að leita eftir nýju starfi, jafnvel hjá samkeppnisaðila. Ráðning til starfa hjá samkeppnisaðila sem taki gildi að loknum uppsagnarfresti feli almennt ekki í sér brot á trúnaðarskyldu, enda sé sýnt fram á að starfsmaður noti ekki upplýsingar, gögn eða annað frá vinnuveitanda sínum í starfi hjá eða fyrir samkeppnisaðila eða hyggi sjálfur á slíkan rekstur í því skyni.
47. Eins og jafnframt segir í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar hafa ákvæði um viðskiptaleyndarmál verið í íslenskum rétti frá árinu 1933 og er nú að finna í lögum um það efni nr. 131/2020. Þar sem hvorugur aðila vísar til þeirra laga eða byggir á málsástæðum er varða viðskiptaleyndarmál koma þau lög ekki til frekari umfjöllunar.
48. Samkvæmt dómaframkvæmd, þar á meðal tilvitnuðum dómi Hæstaréttar, geta afleiðingar þess að starfsmaður virði ekki trúnaðarskyldu í undantekningartilvikum orðið þær að vinnusamningi sé rift. Riftun ráðningarsamnings hefur þau áhrif, samkvæmt almennum reglum, að réttur til launagreiðslna fellur niður frá því tímamarki sem hún á sér stað.

- Því verður aftur á móti ekki fundin stoð í dómaframkvæmd að launþegi fyrirgeri sér rétti til vangreiddra launa vegna tímabila áður en riftun á sér stað eða ætlað trúnaðarbrot hefst.
49. Eins og málatilbúnaður stefnda verður skilinn, og staðfest var við munnlegan málflutning af hálfu félagsins, er hvorki á því byggt að ráðningarsambandinu hafi verið rift né að um brot gegn trúnaðarskyldu hafi verið að ræða fyrr en eftir 7. nóvember 2024 þegar C hafði eignast hlut í H ehf. og tók við hlutverki meðstjórnanda og framkvæmdastjóra með prókúru í því félagi. Getur því ekki komið til álita að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi fyrirgert rétti sínum til launa vegna ágúst 2023 og febrúar 2024 á þeim grundvelli.
 50. Hvorki hafa verið lögð fram gögn né hefur farið fram nein munnleg sönnunarfærsla til sönnunar málsástæðum stefnda sem lúta að umdeildum staðhæfingum um vanrækslu C í starfinu sem hann gegndi hjá stefnda. Verður þeim því öllum hafnað.
 51. Hið sama á við um umdeildar staðhæfingar stefnda um að C hafi hafið samkeppnisrekstur í nóvember 2024. Enda þótt óumdeilt sé að C hafi þá eignast hlut í félaginu H ehf. og verið orðinn skráður stjórnandi í því félagi, eins og gögn úr fyrirtækjaskrá eru til marks um, liggur ekkert fyrir til stuðnings staðhæfingum stefnda um að það félag hafi á þeim tíma tekið við rekstri verslunarinnar E og yfirtekið rými sem stefndi hafði haft innan þeirrar verslunar. Er þá einnig litið til þess að í greinargerð stefnda segir að félagið H ehf. virðist ekki hafa haft með höndum neina starfsemi á þeim tíma og að félagið F ehf., sem að sögn stefnda rak verslunina E, varð ekki gjaldþrota fyrr en í apríl 2025.
 52. Félagið J ehf. var stofnað 13. desember 2024 af stefnanda, sem lagði fram þriðjung hlutafjár, og af öðru félagi. Engin sönnunarfærsla hefur átt sér stað til stuðnings umdeildri fullyrðingu stefnda um að það félag hafi í reynd hafið samkeppnisrekstur við stefnda fyrir áramótin 2024/2025 og í hverju sá rekstur hafi verið fölginn.
 53. Samkvæmt framanrituðu verður stefndi að bera hallann af því að ósannað er að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi brotið gegn trúnaðarskyldu sinni gagnvart vinnuveitanda sínum með því að hefja samkeppnisrekstur við stefnda áður en starfi hans hjá félaginu lauk um áramótin 2024/2025.
 54. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið og með hliðsjón af forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 18/2021 verður að virða þær athafnir C að eignast hlut í félagi, taka þátt í stofnun annars félags og taka við hlutverkum sem skráður stjórnandi hjá þeim félögum, sem undirbúningsathafnir sem rúmast innan þess svigrúms sem hann hafði til þess að verða sér úti um annað starf áður en starfi hans hjá stefnda lauk. Fær sú trúnaðarskylda sem hann bar gagnvart stefnda því ekki breytt, en stefndi byggir sjálfur á því að á þeim

tíma hafi verið farið að fjara undan starfi C hjá félaginu þótt ekki hafi komið til uppsagnar eða riftunar ráðningar hans.

55. Samkvæmt framanrituðu verður að hafna þeim málalíbúnaði stefnda að fyrirsvarsaður stefnanda hafi fyrirgert rétti sínum til nokkurra af þeim vangoldnu launa- og bónusgreiðslum sem krafist er í máli þessu.
56. Fjárhæðir reikninganna sem liggja til grundvallar dómkröfum stefnanda eru eins og áður sagði óumdeildar fyrir utan þá liði sem varða bónusgreiðslur. Ekki verður af gögnum málsins séð að nein mótmæli hafi komið fram af hálfu stefnda við fjárhæð útgefina reikninga, þar á meðal við kröfur um bónusgreiðslur, fyrr en með tölvubréfi lögmanns stefnda til föður C 11. mars 2025, þar sem þess var getið að „[í] þóknunarreikningum hafi ekki verið tekið tillit til kostnaðar við pósthjónustu eða annars tilfallandi kostnaðar, sem hafi leitt til þess að þóknunir voru allt of háar“. Auk þess sem stefndi sýndi af sér verulegt tómlæti með því að setja þær athugasemdir ekki fyrr fram verður á það fallist að það hafi staðið stefnda nær að gera grein fyrir þeim kostnaðarliðum úr bókhaldi sínu sem félagið telur að láðst hafi að taka mið af við útreikning bónusgreiðslna samkvæmt samningi C við stefnda. Er þá einnig litið til þess sem óumdeilt er, að í reynd var um hefðbundið ráðningarsamband að ræða en ekki verktöku og að vinnuveitandi ber almennt skyldu til útreiknings launa og annarra starfstengdra greiðslna en ekki launþegi.
57. Stefndi byggir loks á því að félagið eigi gagnkröfu til skuldajafnaðar á móti kröfum stefnanda þar sem það hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi fyrirsvarsmanns stefnanda sem nemi hærri fjárhæð en stefnufjárhæðinni og leiði af töpuðum viðskiptum, missi á verslunarrými í versluninni E og vanrækslu C í starfi. Auk þess sem sú krafa er verulega vanreifuð, t.d. um fjárhæð og skilyrði bótaskyldu, en ætla má af orðinu „tjón“ að um skaðabótakröfu sé að ræða, er hún alls ósönnuð með vísan til alls þess sem hér að framan hefur verið rakið.
58. Samkvæmt framanrituðu, og þar sem öllum málsástæðum stefnda sem þýðingu geta haft hefur verið hafnað, verður að hafna bæði aðal- og varakröfu stefnda og fallast á kröfu stefnanda um að stefndi greiði félaginu umkrafða fjárhæð, 4.995.751 krónu, samkvæmt endanlegri dómkröfu.
59. Stefndi hefur ekki hreyft neinum haldbærum mótmælum við kröfum stefnanda um dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, en upphafstími þeirra miðast við gjald-daga umræddra reikninga og sýnist taka mið af því að laun C hafi verið greidd mánaðarlega, eftir hvern mánuð, eins og tíðkanlegt er á vinnumarkaði. Þær kröfur eiga

sér stoð í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Verður því fallist á dómkröfur stefnanda með dráttarvöxtum eins og krafist er.

60. Í ljósi úrslita málsins og enda þótt stefnandi hafi lækkað stefnufjárhæðina lítillega við aðalmeðferð eru ekki efni til annars en að gera stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og greinir í dómsorði.
61. Af hálfu stefnanda flutti málið Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson lögmaður og Gestur Gunnarsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnda. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, B ehf., greiði stefnanda, A ehf., 4.995.751 krónu, auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.775.456 krónum frá 2. september 2023 til 2. mars 2024, af 3.575.456 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2025 en af 4.995.751 krónu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Hildur Briem